

Afkomutilkynning 2018

28. febrúar 2019

Kvika banki hf.

Á stjórnarfundum þann 28. febrúar 2019 samþykkti stjórn og forstjóri ársreikning samstæðu Kviku banka hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2018.

Helstu atriði úr ársreikningi:

- Hagnaður nam 1.752 milljónum króna
- Arðsemi eiginfjár var 15,7%
- Stjórn bankans mun leggja til 443 milljóna króna arðgreiðslu (25,3% af hagnaði ársins) til hluthafa á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2019
- Hreinar rekstrartekjur námu 5.705 milljónum
- Rekstrarkostnaður nam 4.009 milljónum króna
- Heildareignir í árslok námu 88,3 milljörðum króna
- Eigið fé samstæðunnar í árslok nam 13,0 milljörðum króna
- Eiginfjárlutfall í árslok var 25,1%
- Lausafjárþekja (LCR) í árslok var 277%
- Heildareignir í stýringu í árslok námu 291 milljarði króna
- Starfsmenn í fullu starfi voru 109 í árslok

Góð afkoma endurspeglar stöðugan rekstur

Hagnaður Kviku eftir skatta á árinu 2018 nam 1.752 milljónum króna (1.795 milljónir króna fyrir skatta) samanborið við 1.591 milljónir króna (1.418 milljónir króna fyrir skatta) á árinu 2017.

Góður tekjuvöxtur var á árinu en tekjur jukust um 14% á milli ára og var vöxturinn mestur í þóknatekjum. Hreinar þóknatekjur jukust um 32% á milli ára og voru 3.698 milljónir króna en 85% af aukningunni komu til vegna eignastýringar. Hreinar vaxtatekjur voru 1.701 milljónir króna og jukust um 9% en fjárfestingatekjur lækkuðu lítillega og voru 521 milljón króna á árinu. Rekstrarkostnaður nam 4.009 milljónum króna á árinu 2018 og jókst um 9% á milli ára einkum vegna aukinna umsvifa eftir sameiningu við Virðingu og kaup á Öldu sjóðum á árinu 2017.

Arðsemi eiginfjár á árinu 2018 nam 15,7%.

Sterk lausafjárstaða og hátt eiginfjárlutfall

Heildareignir samstæðu Kviku í lok árs 2018 námu 88,3 milljörðum króna samanborið við 75,6 milljarða króna í árslok 2017. Útlán til viðskiptavina jukust um 4,1 milljarða króna á milli ára og voru 29,4 milljarðar króna í árslok. Lausafjárstaða bankans er mjög sterk en eignir bankans í handbæru fé og skuldabréfum með ríkisábyrgð námu 30,6 milljörðum króna í lok árs 2018 og er lausafjárþekja bankans (LCR) 277%, langt umfram 100% lágmarksþekju.

Innlán viðskiptavina jukust um 15% á milli ára og námu 47,9 milljörðum króna í árslok en voru 41,7 milljarðar króna í lok árs 2017. Bankinn gaf út víxla- og skuldabréf á árinu ásamt því að gefa út nýjan víkjandi 10 ára skuldabréfaflokk og nam heildarútgáfa bankans 8,7 milljörðum króna í lok árs. Eigið fé bankans er vel umfram kröfur eftirlitsaðila og var eiginfjárlutfall í lok árs 25,1% en eiginfjárfkrafa að viðbættum eiginfjárukum er 20,25%.

Í marsmánuði 2018 voru hlutabréf bankans skráð á First North markað Nasdaq Iceland og voru hluthafar í bankanum 733 í lok árs en voru 119 í lok árs 2017. Í marsmánuði 2019 er stefnt að því að skrá hlutabréf Kviku á aðallista Nasdaq Iceland.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 1. mars kl. 8:45.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku:

Árið 2018 var gott ár og við erum ánægð með afkomu ársins sem er í samræmi við þær áætlanir sem við gerðum, þrátt fyrir erfiðar aðstæður á mörkuðum. Bankinn gekk frá kaupsamningi á Gamma Capital Management á árinu 2018 og hefur Fjármálaeftirlitið gefið samþykki sitt fyrir kaupunum en beðið er samþykkis Samkeppniseftirlitsins.

Afkoma bankans var góð, fjármögnun bankans styrktist og vel gekk að halda rekstrarkostnaði á áætlun. Uppbygging bankans hefur gengið í samræmi við áætlanir, vaxtatekjur hafa styrkst og veruleg aukning er í þóknatekjum. Afkoma eignastýringar meira en tvöfaldaðist á milli ára, ekki síst vegna vel heppnaðra samruna við Virðingu og Öldu sjóði. Árið 2018 var fyrsta heila starfsárið eftir kaupin og munu þau hafa jákvæð áhrif á rekstur bankans til framtíðar.

Sameiningar og kaup undanfarin misseri hafa skilað sér í sterkari og stöðugri rekstrartekjum. Horfur í rekstri bankans eru ágætari og þá felast mikil tækifæri í fyrirhuguðum kaupum á Gamma Capital Management.

Nánari upplýsingar veitir Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku í síma 540-3200.

Samandreginn rekstrarreikningur

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	2018	2017
Hreinar vaxtatekjur	1.701	1.563
Hreinar þóknatekjur	3.698	2.812
Hreinar fjárfestingatekjur	522	547
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	-303	64
Aðrar tekjur	87	23
Hreinar rekstrartekjur	5.705	5.009
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	-4.009	-3.670
Virðisrýrnun útlána	-15	-14
Virðisbreyting fjárfestingaeigna	115	92
Hagnaður fyrir skatta	1.795	1.418
Skattar		
Tekjuskattur	110	249
Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki	-153	-75
Hagnaður ársins	1.752	1.591
Hagnaður á hlut (ISK)	0,95	1,07
Þynntur hagnaður á hlut (ISK)	0,86	1,03

Samandreginn efnahagur

<i>Upphæðir eru í milljónum króna</i>	31.12.2018	31.12.2017
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	21.339	20.494
Verðbréf og afleiður	30.794	23.515
Útlán	29.444	25.338
Óefnislegar eignir	2.379	2.284
Óuppgerð viðskipti	121	291
Aðrar eignir	4.197	3.675
Eignir samtals	88.274	75.597
Lántökur og skuldabréfaútgáfa	23.093	19.472
Innlán frá viðskiptavinum	47.894	41.749
Óuppgerð viðskipti	187	557
Aðrar skuldir	4.130	2.836
Skuldir samtals	75.304	64.614
Eigið fé samtals	12.970	10.982
Fjöldi útistandandi hluta	1.845	1.805
Vegið meðaltal útistandandi hluta (á árinu)	1.835	1.492
Leiðréttingar vegna áskriftarréttinda og kaupréttá	195	60

Frekari upplýsingar um rekstur og efnahag ásamt sjóðstreymi má sjá í ársreikningi samstæðu Kvíku 2018.